

Sþ. 724. Tillaga til þingsályktunar [318. mál]

um eflingu atvinnulífs og uppbyggingu nýiðnaðar á Vestfjörðum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um eflingu atvinnulífs og aukna fjölbreytni atvinnustarfsemi á Vestfjörðum. Í áætluninni verði tillit tekið til sérkenna atvinnulífsins á Vestfjörðum, áhersla lögð á fullri nýtingu vestfirskra náttúrugæða ásamt með þekkingu og reynslu Vestfirðinga á sviði útgerðar og fiskvinnslu og þeirri aðstöðu, sem þar hefur verið sköpuð, til frekari úrvinnslu sjávarafurða og til nýiðnaðar.

Að lokinni áætlunargerðinni skal ríkisstjórnin leggja hana fyrir Alþingi ásamt tillögu um framkvæmd hennar, þ. á m. um hvernig að hugsanlegri fiármögnun skuli staðið.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er hefur að undanförmu verið unnið að ýmsum athugunum á vegum stjórnvalda um nýjar stórvirkjanir og ný atvinnutækifæri og atvinnuuppbyggingu, sem þeim tengjast. Í því sambandi liggja nú fyrir áætlanir og ráðagerðir um frekari virkjanir og vatnsmiðlunarframkvæmdir á Þjórsársvæðinu, virkiun í Blöndu, Fljótsdalsvirkiun, hugmyndir um virkjun í Villinganesi og ráðagerðir og áætlanir um ýmsar smærri virkjunarframkvæmdir, þ. á m. jarðgufuvirkjanir, svo sem í Svartsengi og víðar.

Í tengslum við þessar virkjunarhugmyndir hafa stjórnvöld undirbúið og athugað ýmsar stórfamkvæmdir á sviði atvinnumála, og má þar t. d. nefna magnesíumvinnslu á Austurlandi í tengslum við Fljótsdalsvirkiun, stálbræðslu, steinullarverksmiðiu, stækkun álversins í Straumsvík eða byggingu nýs álvers annars staðar á landinu og svo má lengi telja.

Nú háttar þannig til í orku- og atvinnumálum í landinu, að einn landshluti sker sig þar úr sökum örvægisleysis í raforkumálum, einhæfni atvinnuvega og brottflutnings fólks. Sá landshluti er Vestfirðir.

Á Vestfjörðum hefur ekki verið byggt raforkuver síðan Miólkárvirkiunarframkvæmdunum lauk. Smávirkiun var á dagskrá í Suður-Fossá á Rauðasandi fyrir nokkr-

um árum, en við þá framkvæmd hefur nú verið hætt. Ýmsar athuganir hafa verið gerðar á virkjunarkostum í Vestfjarðakjördæmi, bæði á sunnanverðum Vestfjörðum, í Djúpi og í Strandasýslu. Sennilega hafa fleiri frumkannanir í vatnsvirkjunarmálum verið gerðar á Vestfjörðum en á flestum öðrum stöðum á landinu af svipaðri stærð og ýmsar þessar frumkannanir hafa lofað góðu, þótt engir virkjunarkostir á Vestfjörðum geti talist til stórvirkjana, en þar við hefur setið. Athuganirnar hafa aldrei orðið meira en grófar frumkannanir svo ekkert liggur fyrir um mat virkjunarkostanna eða annað sem gæti orðið til þess að hægt væri að taka ákvörðun um næstu virkjunarframkvæmd á Vestfjörðum í mjög náinni framtíð.

Á meðan hefur hins vegar raforkuþörf Vestfirðinga farið vaxandi með ári hverju. Mikil uppbygging hefur verið í undirstöðuatvinnugrein landshlutans: fiskveiðum og fiskiðnaði, og eru nú ýmsar fullkomnustu fiskvinnslustöðvar á Íslandi staðsettar á Vestfjörðum. Raforkuþörf vestfirskis atvinnulífs hefur vaxið að sama skapi án þess að ný virkjun hafi verið byggð á svæðinu, þannig að svo var komið að tvo s. l. vetur hafa allar dísilrafstöðvar á Vestfjörðum verið keyrðar vikum saman til þess að svara þörfum fjórðungsins. Margar þessar stöðvar eru orðnar bæði gamlar og úr sér gengnar og geta bilað hvenær sem er, auk þess sem þær eru ólíufrekari en nýrri stöðvar og mjög dýrar í rekstri. Þá hafa þessar stöðvar ávallt verið ætlaðar sem varastöðvar — til þess hugsaðar að grípa inn í orkuframleiðsluna um stutta hrið ef eitthvað gengi úrskaiðis — en ekki til þess að vera í svo til samfelldum rekstri. Með þessu móti hefur það gerst, að vikum saman um vetrartíma hefur ekkert varaafli verið til á öllu vestfirska rafveitusvæðinu og hefur þá ekkert mátt út af bregða í raforkumálunum svo stórtjón hlytist ekki af.

Vestfirðingar væntu þess, að úr mundi rætast með svonefndri Vesturlínu. Vissulega hefur hún afstýrt hreinu neyðarástandi, en þegar hún komst í gagnið gerðist það nokkuð jafnsnemma að skortur varð á raforku á Landsvirkjunarsvæðinu, svo Landsvirkjun hafði lítið að selja Vestfirðingum, og auk þess var Orkubúi Vestfjarða gert að kaupa raforku eftir línu þessari á mun hærra verði en öðrum viðskiptaaðilum. Fer þannig saman í landshlutanum orkuskortur og mikið öryggisleysi í raforkumálum annars vegar og hins vegar hærra orkuverð en flestum öðrum landsmönnum er gert að greiða. Þrátt fyrir þessar staðreyndir hafa allar umræður um virkjanir og aðgerðir í virkjunarmálum sniðgengið Vestfirði — það landssvæði sem þó þarf sennilega mest á slíkum framkvæmdum að halda.

Í tengslum við þessar orkuumræður hafa umræður og hugmyndir um eflingu atvinnulífs og uppbyggingu nýrra atvinnugreina einnig sniðgengið Vestfirði þótt fyrir liggja, að frá bæði atvinnulegu og búsetulegu sjónarmiði sé þörfin fyrir öflugt og fjölbreytt atvinnulíf sennilega hvergi meiri en þar. Umræðan um eflingu atvinnulífs og uppbyggingu nýrra atvinnugreina hefur mjög fallið í þann farveg, að saman fari slíkar framkvæmdir og bygging stórra virkjana á sama svæði. Slíkt er þó síður en svo einhlítt. Að vísu skapa stórvirkjunarframkvæmdir áður óþekkta möguleika í atvinnumálum, en bæði er, að alla þá möguleika þarf ekki endilega að nýta svo að segja á bökkum þeirra fallvatna, sem virkja á — allir Íslendingar eiga jafnan rétt til þess að geta notið góðs af auðlindum þjóðarinnar — og eins að hagkvæmt getur verið að nýta aðstöðu og þekkingu, sem fyrir er í landinu, til nýsköpunar í atvinnustarfsemi og styrkingar atvinnulífs án þess að gera þurfi í því sambandi ráð fyrir mjög orkufreku fyrirtæki.

Aðalatvinnuvegur Vestfirðinga er sjósókn og fiskvinnsla. Vestfirðir liggja vel við ýmsum auðugustu fiskimiðum við strendur Íslands og vestfirskir sjómenn hafa að baki langa reynslu í sjósókn og mikla þekkingu bæði á aðstæðum á Vestfjarðamiðum og eins á meðferð og beitingu afkastamikilla veiðarfæra. Sambærilega sögu er að segja af landverkafólki, útgerðaraðilum og fiskverkendum. Á Vestfjörðum er fiskvinnslan orðin stóriðja, sem grundvallast á sérþekkingu, náttúrlegum aðstæðum og mikilli tækni, en í öllum þessum eignum eru Vestfirðingar í fremstu röð.

Slíkur stóriðnaður sem útgerð og fiskvinnsla á Vestfjörðum er orðin býður upp á margvísleg nýiðnaðartækifæri. Má þar t. d. nefna veiðarfæraiðnað og tilraunir, gerð dráttarbrauta og eflingu viðgerðarþjónustu fyrir fiskiskip, rafeindaiðnað í sambandi við hinn flókna og dýra tækjabúnað fiskiskipa og verkunarstöðva, hvers kyns þjónustuiðnað í sambandi við atvinnuvegin og fleira. Þá eru fjölmörg ónýtt atvinnutækifæri í sambandi við frekari úrvinnslu sjávarfangs — bæði afurða, sem til falla, og nýtingu annarra sjávarafurða en þeirra hefðbundnu. Þá má nefna stórkostlega, en að mestu ókannaða möguleika á fiskrækt og ræktun sjávarfiska í vestfirskum fjörðum, sem margir hverjir eru auðugir að æti. Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur dæmi, en mörg fleiri eru tiltæk.

Stjórnvöld hafa að mestu látið þessi mál fram hjá sér fara. Vestfjarðaáætlun var fyrsta landshlutaáætlun, sem hrundið var í framkvæmd, en aðeins var lokið við gerð 1. kafla þeirrar áætlunar, sem fjallaði um samgöngumál. Framkvæmdum við þann kafla áætlunarinnar er löngu lokið og hafa Vestfirðingar mátt þreyja bæði þorrann og góuna án þess að sjá framhaldið. Þeir hafa þó sjálfir, en af vanefnum, brotist í ýmsum nýiðnaðarframkvæmdum og stundum þurft að berast þar einir, jafnvel í samkeppni við ríkisstyrkta aðila, en þó fyllilega haldið sínum hlut þótt þeir hafi orðið að kosta alla þróunarvinnu af eigin fé. Í þessu sambandi má nefna uppbyggingu rafeindaiðnaðar á vegum Pólsins á Ísafirði, þar sem áráðnir og duglegir einstaklingar hafa nýtt sér að hafa við bæiardvnrnar þá bekkingu og aðstöðu, sem sækja má til fullkonnustu fiskvinnslustöðva á Íslandi, og í samvinnu við frystihúsin við Diúp hafið framleiðslu á rafeindavogum og húnaði, sem er eftirsóttur um allt land og gæti verið vísirinn að umfangsmiklum útflutningsiðnaði þar sem framleiddur vörð miög verðmætur varningur sem í senn krafst aukins mannafla og bvggir á íslenskri sérþekkingu og íslenskum séraðstæðum, sem við höfum umfram flestar aðrar þjóðir. Hversu vel mætti ekki nýta þá aðstöðu — nábylið við fullkonnustu frystihús á landinu og samvinnuna við há aðila íslenska, sem einna mesta og besta reynslu hafa af ábataföllum stórrækstri í útgerð og fiskvinnslu — sem þetta litla vestfirska fyrirtæki hefur notfært sér með góðum árangri, ef villi og stuðningur við slíkt væri fyrir hendi af opinberri hálfu og það væri gert með markvissum hætti. Fjölmörg slík tækifæri bjóða vestfirskar aðstæður upp á þótt atvinnulíf sé þar nú einhæft. — tækifæri, sem nýta mætti til þess í senn að styrkja það atvinnulíf, sem fyrir er, og til þess að gera það fjölbreyttara og litríkara og við hæfi fleiri en fullhraustra karla og kvenna á besta aldri, sem hin erfiða atvinnustarfsemi Vestfirðinga byggir á.

Ýmislegt bendir nú til að hið hefðbundna atvinnulíf á Vestfjörðum kunnir að eiga erfiðara uppdráttar á næstunni en verið hefur á þeim miklu uppgangstímum, sem að baki eru. Sveitarstjórnarmenn víða á Vestfjörðum eru farnir að hafa af þessu áhyggjur nokkrar, og víst er um það, að atvinnulífið vestra stendur nú ekki eins traustum fótum og oft áður. Einmitt þess vegna er tímabært að kanna sérstaklega uppbyggingu atvinnulífsins á Vestfjörðum og möguleikana á að efla það og auka fjölbreytni þess. Þar sem ráðagerðir eru nú uppi um stórfamkvæmdir á þeim sviðum á ýmsum öðrum landssvæðum, sem eru ekki eins viðkvæm húsetulega og atvinnulega og Vestfirðir, er ástæðan fyrir samþykkt og framkvæmd þeirrar tillögu, sem hér er gerð, enn brýnni svo stjórnvöld skilji ekki þennan landshluta eftir útundan í þeim miklu framkvæmdum á sviði orku- og atvinnumála, sem ráðagerðir eru nú um.